



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 135/2860*

*komudagur 20.5.2008*

Alþingi  
Nefndarsvið  
150

Reykjavík, 20. maí 2008  
Tilvísun: 200805-0012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613 mál, heildarlög.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613 mál, heildarlög.

Um er að ræða viðamikið frumvarp sem tekur á heildarlöggjöf fyrir mjög mikilvægan málaflokk. Það veur því furðu hversu skammur tími er gefinn til að veita umsögn um frumvarpið. Á þeim skamma tíma var ekki unnt að taka málið fyrir í þeirri málefnanefnd miðstjórnar ASÍ sem fjallar um velferðarmál. Því er hér ekki gefin efnisleg umsögn um frumvarpið.

Alþýðusamband Íslands leggur á það áherslu að vandað sé til verka við frumvarpið og að eðlilegur tími verði tekinn í umfjöllun um það, bæði innan þings sem utan. Alþýðusambandið leggur því til að núverandi fyrirkomulag sjúkratrygginga verði framlengt til áramóta og afgreiðslu frumvarpsins frestað til næsta þings. Þannig gefst eðlilegur tími til vandaðrar umfjöllunar um frumvarpið.

F.h. Alþýðusambands Íslands

*Ólafur Darri Andrason*

Ólafur Darri Andrason  
Hagfræðingur ASÍ